

Fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga bs. haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík 23. október 2017 kl. 13:15.

Fundinn sátu framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaga HNP bs.; Dagbjört Jónsdóttir, Elías Pétursson, Kristján Þór Magnússon, Sigurður Þór Guðmundsson, Steinþór Heiðarsson og Þorsteinn Gunnarsson. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri HNP bs. og ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stjórnaði honum, þetta gerðist:

1. Tillaga að erindisbréfi náttúruverndarnefndar

Fyrir liggur tillaga unnin af framkvæmdastjóra og formanni náttúruverndarnefndarinnar. Farið yfir tillöguna og gerðar efnislegar breytingar á 3. gr., þar sem hlutverk nefndarinnar er ráðgefandi til aðildarsveitarfélaganna en allar framkvæmdir í málaflokknum á verksviði hvers sveitarfélags um sig, og 6. gr. varðandi lágmarksfjölda funda.

Samþykkt að leggja tillöguna svo breytta fyrir haustfund fulltrúaráðs til afgreiðslu.

2. Starfs- og fjárhagsáætlun 2018 og þriggja ára áætlun 2019-2021

a) Farið yfir fyrirliggjandi tillögu sem unnin er af framkvæmdastjóra í samvinnu við forsvarsmenn einstakra verkefna. Breytingar gerðar á tillögunni varðandi þóknun fyrir nefndarstörf og framlag sveitarfélaganna þar sem gert er ráð fyrir að ganga á eigið fé byggðasamlagsins.

Samþykkt að leggja tillöguna með áorðnum breytingum fyrir haustfund fulltrúaráðs til afgreiðslu.

b) Fyrir liggur tillaga stjórnar MMP að fjárhagsáætlun 2018 ásamt verkefnaáætlun.

Farið yfir áætlunina og samþykkt að leggja hana óbreytta fyrir haustfund fulltrúaráðs til afgreiðslu.

3. Færsla verkefna atvinnuþróunarfélagsins undir merki byggðasamlagsins

Fundur fulltrúaráðs 18. nóv. 2016 fól framkvæmdastjórn, í samstarfi við stjórn atvinnuþróunarfélagsins, að skoða kosti þess og galla að fella starfsemi félagsins undir merki byggðasamlagsins. Tvær megin leiðir koma þar helst til greina; að verkefnin verði beint undir byggðasamlaginu eða að þau fari í sjálfseignarstofnun með svipuð tengsl við byggðasamlagið og MMP. Rætt um kosti og galla hvorrar leiðar um um sig og er framkvæmdastjórnin þeirrar skoðunar að heppilegra sé að setja verkefnin í sjálfseignarstofnun. Með því sé unnt að tryggja áfram skýra aðkomu atvinnurekenda og stéttarfélaganna á svæðinu að starfinu og þannig verði einnig auðveldara að halda

sérstaklega utan um þær eignir sem tilheyra verkefningu, þ.m.t. hlutafé sem þá yrði að stofnfé sjálfseignarstofnunarinnar. Aðkoma þessarar aðila að aðalfundi sjálfseignarstofnunarinnar verði tryggð með tilnefningum í fulltrúaráð hennar.

Formanni og framkvæmdastjóra falið, í samvinnu við stjórn atvinnuþróunarfélagsins, að móta tillögu að útfærslu á ofangreindum forsendum sem tekin verði til afgreiðslu á haustfundi fulltrúaráðs.

Framkvæmdastjóra falið að setja upp skipurit byggðasamlagsins útfrá þeim verkefnum sem nú eru innan vébanda þess og þeim sem til umræðu er að fella undir það.

4. Atvinnustefna aðildarsveitarfélaganna

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir forsendum þess að stjórn atvinnuþróunarfélagsins beindi því til sveitarfélaganna að skoða mótun sameiginlegrar atvinnustefnu. Annars vegar geti það styrkt samstöðu þeirra þar sem þau stæðu þá öll að baki hvert öðru í þeirri stefnumótun og hins vegar gæti slík stefna hjálpað til við forgangsöröðun verkefna stoðstofnana. Atvinnustefnu einstakra sveitarfélaga er nú, a.m.k. að hluta, m.a. að finna í aðalskipulagi þeirra.

Málið rætt og niðurstaðan sú að áður en slík vinna hæfist væri gott að fyrir lægi samantekt á þeirri stefnumótun sem fyrir liggur hjá einstökum sveitarfélögum. Slík vinna væri hluti af nauðsynlegri uppfærslu innviðagreiningar sem gefin var út af atvinnuþróunarfélaginu 2012. Framkvæmdastjóri upplýsti að unnið væri að slíkri uppfærslu í samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar og EIM.

Þar sem stefnumótun af þessu tagi er pólitískt viðfangsefni vísar framkvæmdastjórnin því til fulltrúaráðs að taka efnislega afstöðu til þess.

5. Önnur mál

- a) Sigurður Þór Guðmundsson lagði það til að eftir mitt ár 2018 yrðu allir fundir á vegum HNP bs. aðgengilegir sem fjarfundir. Samþykkt samhljóða.
- b) Sigurður Þór Guðmundsson vakti athygli á því að þann 1. desember 2018 væru 100 ár liðin frá því landið fékk fullveldi og hvort ekki væri rétt að aðildarsveitarfélögin sameinuðust um hátíðardagskrá af því tilefni sem dreifðist um héraðið. Vel tekið í hugmyndina og samþykkt að vísa henni til frekari meðferðar haustfundar fulltrúaráðsins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:20